

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn á TEAMS, miðvikudaginn 8.12.2021, kl. 17:15

Mætt: Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Erling Ásgeirsson (EÁ), Brynja Baldursdóttir (BB).

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerðar

Lögð var fram til samþykktar eftirfarandi fundargerð:

- Aðalstjórnarfundur haldinn 10. nóvember sl.

Niðurstaða: Var fundargerð aðalstjórnarfundar 10. nóvember samþykkt.

2. Fjármál

A. 10-mánaða uppgjör félagsins og deilda

BS fór yfir uppgjör allra deilda og eininga innan félagsins fyrir fyrstu tíu mánuði ársins, helstu áherslur voru:

- Á þessum tímamarki er rekstur félagsins í heild neikvæður um 5 milljónir;
- Ekki er búið að tekjufæra endurgreiðslur frá VMST;
- Innheimta æfingagjalda gengur vel.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. Stefnumótun – hugmynd að skipulagi og framkvæmd

SG og BS fóru hugmyndir að stefnumótun – skipulagi og framkvæmd.

- Verkefnastjórnun og ráðgjafar: Pétur Arason og Viðar Halldórsson.
- Þeir settu upp hugmynd að skipulagi sem farið var yfir.
- Hugmyndirnar sem settar voru fram voru metnar of tímafrekar fyrir félagsmenn (sjálfbæðaliða) sem hafa áhuga á því að koma að þessari vinnu.
- Stjórn tók jákvætt í rammann sem settur var upp í kringum verkefnið.

Niðurstaða: BS var beðinn um að koma þessum skilaboðum áleiðis og ráðgjafarnir beðnir um að koma með nýja hugmynd að uppsetningu sem væri líklegri til árangurs.

4. Staða á búningamálum

BS fór yfir búningamál. Fyrir fundinn höfðu borist tilboð frá þremur aðilum. Tilboðin sem bárust voru frá Margt Smátt/Puma, Icepharma/Nike og Sportlandi. BS var búinn að stilla upp skjali þar sem samanburður var gerður á öllum tilboðunum. Samanburðurinn leiddi í ljós að tilboðið frá Margt Smátt var hagkvæmast.

Niðurstaða: Stjórn fól BS að ræða við stjórnir deilda og í framhaldinu ganga til samninga við Margt Smátt með þeim fyrirvara að stjórnir deildanna væru því ekki verulega mótfallnar.

5. Önnur mál

Vetrarmýrin

Verið er að stefna að vígslu á húsinu 3. febrúar. Gert er ráð fyrir að æfingar í knattspyrnu geti hafist fyrr eða um leið og öll tilskilin leyfi fyrir húsið eru í höfn. Styrktar-og lyftingasvæði og klifurveggur eiga að vera tilbúin í byrjun mars. Búið er að ráða forstöðumann sem mun stýra starfsemi hússins og hefur hann störf strax á nýju ári.

Niðurstaða: Til upplýsinga

Farið yfir stöðu mála gagnvart Garðabæ

Erindi voru send til Garðabæjar fyrir fjárhagsáætlanagerð bæjarins. BS hafði samband við forsvarsmenn Garðabæjar, byggt á fyrstu viðbrögðum er talið líklegt að rekstrarstyrkur muni hækka milli ára. Viðhald á mannvirkjum: áætlað er að setja 8 milljónir í búnaðarkaup fyrir Ásgarð á næsta ári sem verða nýttar að stórum hluta til búnaðarkaupa í fimleikasalinn v/öryggis iðkenda. Ekki var sett fjármagn í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 til að skipta um gólf í Mýri og Bláa sal.

Niðurstaða: Til upplýsinga

Evrópumótið í hóp fimleikum

Fimleikadeild Stjórnunnar átti 26 keppendur á EM í hóp fimleikum um síðustu helgi. Einnig átti félagið 4 þjálfara í teymi landsliðanna. Ákveðið var að aðalstjórn myndi senda bréf með hamingjuóskum og hvatningarorðum til iðkenda og þjálfara í ljósi glæsilegs árangurs.

Niðurstaða: Samþykkt

6. Beiðni frá mfl. kvenna í körfu frá síðasta fundi um sérstaka úthlutun til starfsins

Afgreiðslu frestað þangað til að uppgjör 2021 liggur fyrir.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:10 – ritað BS